

Reykjavík, 2. nóvember 2020

Til fulltrúa í sveitar- og bæjarstjórnunum á Íslandi.

Efni: Stytting vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki

Bandalag háskólamanna (BHM) og aðildarfélög þess langar að minna á markmið styttingar vinnuvikunnar og ávinninginn sem hún mun hafa í för með sér fyrir sveitarfélögin og starfsfólk þeirra.

Við gerum okkur grein fyrir að sveitarfélög standa misjafnlega m.t.t. fjárhags en teljum að tímasetning styttingar vinnuvikunnar sé góð og til þess fallin að bæta starfsanda og starfsgleði. Reynsla aðildarfélaga BHM er sú að á vinnustöðum sem þegar hafa innleitt styttinguna hefur starfsandi batnað og framleiðni hvergi minnkað en oft aukist.

Umræðan um hvernig breyta megi skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvikuna er hafin á flestum vinnustöðum en mikilvægt er að allir hlutaðeigandi séu upplýstir um ferlið og þau atriði sem gott er að hafa í huga við útfærslu styttingarinnar. Til að vel takist til verður að tryggja góðan undirbúning og þátttöku allra á vinnustaðnum, enda enginn sem þekkir verkefnin betur en starfsfólkið sem sinnir þeim alla daga.

Aðildarfélög BHM sömdu um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningum sem undirritaðir voru síðast liðið vor. Nú er heimilt, með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks, að stytta vinnuvikuna í 36 virkar vinnustundir. Svo að það sé hægt þarf að laga breyttan vinnutíma að þörfum vinnustaðar og starfsfólks með því að taka mið af eðli starfsemi, skipulagi og öðru því sem gefur vinnustað sérstöðu. Stytting vinnuvikunnar skal taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, en vinnustöðum er að sjálfsögðu heimilt að innleiða hana fyrr.

Ef ekki næst samkomulag um breytt skipulag vinnutíma styttest vinnutími starfsfólks sem nemur 13 mínútum á dag þann 1. janúar 2021. Þá þarf að tilkynna sveitarstjórn og innleiðingarhópnum um árangurslaust samtal og kemur þá í hlut sveitarstjórnar að veita starfsfólki og stjórnendum vinnustaða aðstoð við að ná fram gagnkvæmum ávinningi með breyttu skipulagi og útfærslu vinnutíma.

Betri nýting vinnutíma og jákvæðari starfsandi

Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar sýna að ávinningurinn getur verið mikill fyrir sveitarfélagið og starfsfólk þess, en bætt vinnustaðamenning og betri nýting vinnutíma eru meðal helstu markmiða styttingarinnar. Með vel undirbúnni styttingu vinnuvikunnar verður vinnustaðurinn skilvirkari og um leið fjölskylduvænni. Styttingin getur einnig stuðlað að auknu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og heima.

Reynslan af tilraunaverkefnum hjá ríki og Reykjavíkurborg sýndi einnig aukna starfsánægju. Starfsfólk sýnir aukið frumkvæði í vinnu og jákvæðar breytingar endurspeglast í breyttum starfsháttum. Þannig leggist allir á eitt að finna tækifærin sem felast í að bæta skipulag vinnunnar. Þá skiptir aukin samvinna miklu ef vel á að takast til.

Á sérstakri heimasíðu [Betrivinnutími.is](https://betrivinnutimi.is) er hægt að nálgast kynningar- og fræðsluefni um verkefnið. Þar má finna dæmi um mismunandi útfærslur á styttingu vinnuvikunnar auk þess sem algengum spurningum er svarað. Tilvalið er að nota upplýsingar á síðunni sem stuðningsefni í samtali um breytingu á vinnufyrirkomulagi. BHM hefur einnig gert kynningarmyndband um styttingu vinnutíma dagvinnufólks sem hægt er að nálgast á heimasíðu bandalagsins.

Sérstakur innleiðingarhópur skipaður fulltrúum heildarsamtaka launafólks auk fulltrúa Kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur það hlutverk að útbúa stuðningsefni til nota fyrir starfsfólk og sveitarfélög. Allt efni frá þessum hóp er sett inn á vefinn Betrivinnutími. Einnig er hægt að finna upplýsingar á heimasíðu BHM og leita til aðildarfélaga þess ef spurningar vakna.

Að lokum má minna á að stytting vinnuvikunnar er samstarfsverkefni sem verður ekki leyst af hendi nema með þátttöku starfsfólks. Það er til mikils að vinna og ekki eftir neinu að bíða.

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku þessa bréfs sem og upplýsingar um hvort búið sé að setja á fót vinnutímahópa hjá sveitarfélaginu. Vinsamlegast sendið umbeðnar upplýsingar á karen@bhm.is.

Virðingarfyllst,

Þóra Leósdóttir, fulltrúi BHM í innleiðingarhópi um styttingu dagvinnu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Nánari upplýsingar um ferlið má finna á eftirfarandi vefsíðum:

Fyrir starfsfólk sveitarfélaga: <https://www.samband.is/verkefnin/kjara-og-starfsmannamal/betrivinnutimi/>

Fyrir starfsfólk ríkisins: <https://betrivinnutimi.is/>

Fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/betrivinnutimi>